



Upplýsingastefna

Tilgangur

Upplýsingastefna þessi tekur mið af reglum Kauphallar - Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga dagsettum 17. desember 2013.

Markmið

Markmið upplýsingastefnu Símans hf. (hér eftir „Síminn“), er að veita hagsmunaaðilum, á jafnræðisgrundvelli, nákvæmar og áreiðanlegar upplýsingar sem máli skipta um starfsemi félagsins, sem skráð félag á skipulegum verðbréfamarkaði, í Kauphöll - Nasdaq Iceland.

Síminn vill tryggja að hagsmunaaðilar á hverjum tíma hafi aðgang að nýjustu upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að geta tekið afstöðu til Símans sem útgefanda þeirra fjármálagerninga Símans sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Hagsmunaaðilar

Helstu hagsmunaaðilar sem upplýsingastefna Símans tekur til eru hluthafar, fjárfestar, greiningaraðilar, matsfyrirtæki, Kauphöll - Nasdaq Iceland, fjölmiðlar, lánveitendur og viðskiptavinir.

Framkvæmd upplýsingamiðlunar

Upplýsingamiðlun Símans fylgir þeim lögum og reglum sem gilda fyrir útgefendur fjármálagerninga á skipulegum verðbréfamarkaði.

Símanum ber að birta opinberlega upplýsingar eins og mælt er fyrir um í lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 og reglum sem settar eru með stöð í lögunum. Reglur Kauphallar – Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga mæla einnig fyrir um hvað félaginu ber að birta opinberlega.

Tilkynningar

Tilkynningar um uppgjör félagsins, niðurstöður matsfyrirtækja eða annað sem talið er geta haft umtalsvert áhrif á rekstur, afkomu eða efnahag félagsins er birt í fréttaveitu Kauphallar – Nasdaq Iceland. Samhliða birtingu í fréttaveitu eru upplýsingarnar birtar hér á fjárfestavef Símans.



Síminn stefnir að því að birta fréttir af starfsemi félagsins, sem fellur ekki undir upplýsingaskyldu þess, á vefsvæði sínu og eftir atvikum senda fréttatilkynningar þess efnis til fjölmiðla. Síminn fylgir þeirri stefnu að birta ekki viðkvæmar viðskiptaupplýsingar, svo sem um sölutölur, starfsmannamál, vöruþróun eða annað sem er til þess fallið að hafa áhrif á samkeppnisstöðu þess nema lög eða reglur kveði á um slíka upplýsingamiðlun.

Kynningar

Í kjölfar birtingar árshlutauppgjöra mun Síminn halda kynningarfundum fyrir hagsmunaaðila. Á kynningarfundum um ársuppgjör verða áætlanir félagsins jafnframt kynntar.

Þagnartímabil

Síminn mun að meginstefnu ekki veita upplýsingar um málefni sem hafa áhrif á rekstur, afkomu eða efnahag félagsins tveimur vikum fyrir lok hvers uppgjörstímabils og fram að birtingu uppgjörs.

Samskipti

Markmið Símans er að eiga góð samskipti við alla hagsmunaaðila. Í þeim tilgangi leitast félagið við að veita þeim aðstoð við umfjöllun um félagið innan þess ramma sem lög og reglur heimila.

Síminn mun að meginstefnu ekki tjá sig um sveiflur í verði hluta og viðskiptamagni. Sama á við um orðróm og getgátur á markaði.

Talsmaður

Stjórnarformaður, forstjóri og fjárfestatengill Símans hafa heimild til þess að tjá sig um starfsemi félagsins gagnvart fjárfestum. Forstjóri getur veitt öðrum starfsmönnum eða ráðgjöfum tímabundna heimild til þess að tjá sig um afmarkaða þætti starfseminnar. Stjórnarformaður Símans er almennt talsmaður félagsins þegar um meiriháttar ákvarðanir stjórnar er að ræða.

Reykjavík, 28.janúar 2016

Orri Hauksson

Forstjóri Símans